



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 4. nóvember 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson og Haukur Arnþórsson. Katrín Baldursdóttir var með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hefur ekki verið samþykkt.

2. Mini-ráðstefnur um auðlindir og samgöngur, endurlit

Farið var yfir ráðstefnurnar sem þóttu hafa tekist vel, m.a. sú nýbreytni að Katrín vakti athygli á fyrri fundinum á netinu á meðan á honum stóð. Útsendingin þótti líka vel heppnuð.

3. Verkefni fram að aðventufundi

a. Málefnanefndir

Með málefnanefndunum á að byggja upp umræður innan flokksins með 7 manna nefndum um hvert málefni og hafi hver nefnd sinn talsmann. Ákveðið að hafa augun opin fyrir fólki sem gæti leitt þessar nefndir.

b. Öryrkjaráð, meistaradeild, verkalýðsráð, innflytjendaráð

Rætt var um endurvakningu verkalýðsráðsins og áframhaldandi starf meistaradeildarinnar og stefnt að næsta fundi meistaradeildarinnar næsta fimmtudag. Ennfremur var rætt um öryrkjaráð og innflytjendaráð.

c. Fjölgun félaga

Talað var um að halda útifund í tilefni af þriðju umræðu um fjárlagafrumvarpið.

3. Maístjarnan

Umræðum frestað.

4. Fjármál

Staða á reikningum. Flokkurinn: 913.083 kr., Maístjarnan: 2.351.433 kr.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.